

# LÖG SAMBANDS STJÓRNENDAFÉLAGA

## I. Kafli: NAFN SAMBANDSINS OG TILGANGUR

### 1. grein. Nafn, heimili og varnarþing

Sambandið heitir SAMBAND STJÓRNENDAFÉLAGA skammstafað STF. Starfssvæði þess er landið allt. Heimili þess og varnarþing er í Kópavogi.

### 2. grein. Tilgangur

STF eru heildarsamtök verkstjóra og annarra stjórnenda. Tilgangur þess er að:

1. Sameina innan sinna vébanda öll verkstjóra- og stjórnendafélög.
2. Vinna að bættum launakjörum, aukinni menntun, réttindum og öðrum hagsmunamálum aðildarfélaganna.
3. Að veita aðildarfélögum aðstoð og upplýsingar sé þess óskað og ástæða sé til að mati sambandsstjórnar.

### 3. grein. Gerð kjarasamninga

STF gerir kjarasamninga við vinnuveitendur í umboði aðildarfélaga. Kjarasamningur skal borinn undir félagsmenn í atkvæðagreiðslu í samræmi við lög.

Tryggja þarf að í öllum samningum verði notaður rithátturinn verkstjóri/stjórnandi. Atkvæðagreiðsla skal að öllu jöfnu fara fram með rafrænum hætti.

### 4. grein. Óháði

STF svo og einstök verkstjóra- og stjórnendafélög innan þess hafa engin afskipti af stjórnmálum. Í öllum deilum á milli launþega og vinnuveitenda eru félagar innan STF algerlega hlutlausir hvort sem um er að ræða verkföll eða verkbönn. Skytt er hverjum stjórnanda að gæta þess verðmætis, sem honum er falinn umsjón með.

## II. Kafli: SKYLDUR AÐILDARFÉLAGA

### 5. grein. Innganga og úrsögn

Aðilar að STF geta þau félög ein orðið, sem eru stéttarfélög stjórnenda.

Umsókn um inngöngu í STF skal fylgja nafnaskrá ásamt afriti af lögum félagsins. Hafi stjórn STF ekkert við lög félagsins né nafnaskrá að athuga, veitir hún félaginu inngöngu í samræmi við lög STF. Úrsögn úr STF er því aðeins lögmæt hafi hún verið samþykkt með 2/3 atkvæða á tveim lögmætum félagsfundum með minnst viku millibili.

### 6. grein. Skyldur aðildarfélaga

Hvert aðildarfélag hefur fullt frelsi um sín innri mál. Lög aðildarfélaga samræmist lögum STF.

Hvert aðildarfélag STF skal halda aðalfundi árlega. Aðalfundur félags kýs í stjórn STF samkvæmt 11. grein laga STF. Skytt er félagsstjórnnum með minnst tveggja vikna fyrirvara að tilkynna skrifstofu STF

hvar og hvenær aðalfundir félaganna verða haldnir. Liggi lagabreytingar fyrir aðalfundi aðildarfélags skulu þær fylgja fundarboði.

Hafi aðildafélag ekki haldið aðalfund í tvö ár, ekki skilað ársskýrslu eða ársreikningi, eða kjörnir fulltrúar ekki sinnt starfsemi aðildafélags og verkefnum STF, skal stjórn STF boða til félagsfundar í viðkomandi félagi, þar sem ákvörðun verður tekin um framtíð félagsins. STF getur lagt fram tillögur sem um endurreisn félagsins, sameiningu við annað aðildafélag STF, eða slit félagsins.

Verði félag ekki endurreist, er stjórn STF heimilt að yfirtaka eignir félagsins til varðveislu. Þegar félag er lagt niður skulu eignir þess renna til STF til varðveislu. STF ávaxtar eignir viðkomandi félags á meðan þær eru í vörslu þess. Hafi STF tekið yfir eignir félags, sem hefur starfsemi á ný, sameinast öðru félagi, eða nýtt félag verið stofnað á sama starfssvæði, skal STF afhenda téðar eignir.

Ef STF er lagt niður renna eignir þess til aðildarfélaganna ef einhver eru, annars til líknamála.

Gangi félag úr STF, á það engar kröfur um hlutdeild úr sjóðum og í eignum STF.

### **7. grein. Aðildarfélagsgjald**

Stjórn STF ákvarðar aðildarfélagsgjald hverju sinni.

Við skil STF á gjöldum til félaganna skal halda eftir aðildarfélagsgjaldinu.

## **III. Kafli: SAMBANDSPING**

### **8. grein. Boðun á sambandsþing og tilnefningar**

Sambandsþing STF skal halda annað hvert ár á tímabilinu maí - júní og skal boða til þess fyrir 1. mars á þingári. Sambandsþing hefur æðsta vald í öllum málefnum STF og er lögmætt ef löglega er til þess boðað.

Í þingboði skal getið þeirra dagskrármála er stjórn STF hyggst leggja fyrir þing. Hvert aðildarfélag tilnefni fulltrúa til sambandsþings STF.

Tilnefna skal einn fulltrúa fyrir hverja fimmtíu félagsmenn eða brot af þeirri tölu yfir tuttugu. Hvert félag á rétt á tveimur fulltrúum hversu fámennt sem félagið er. Stjórnarmenn STF skulu mæta á sambandsþing sem fulltrúar síns félags. Aðildarfélag leggur fram kjörbréf með nöfnum fulltrúa í upphafi þings undirritað af tveimur stjórnarmönnum hlutaðeigandi félags. Þingfulltrúar hafa atkvæðisrétt á sambandsþingi.

Fulltrúatala reiknist af gjaldskyldum félögum um áramót fyrir þing.

Forseti STF er sjálfkjörinn til þings með atkvæðisrétti.

Fulltrúar í stjórn sjúkrasjóðs, menntunarsjóðs og starfsmenntunarsjóðs, sem skipaðir eru af STF, hafa rétt til setu á sambandsþingi og skulu hafa málfrelsi og tillögurétt en eru án atkvæðisréttar.

Rétt til setu á sambandsþingi hafa starfsmenn STF, starfsmenn á starfandi félagsskrifstofum aðildarfélaganna og starfsmenn þingsins. Þá hafa gestir á þingi rétt til setu á þinginu í samræmi við það sem leiðir af dagskrá og ákvörðun þingforseta. Stjórn getur ákveðið að einstakir dagskrárliðir þings séu opnir fyrir félagsmenn.

Skýrslur aðildarféлага og nöfn þingfulltrúa skal afhenda STF tveimur vikum fyrir þing.

Tillögur að breytingum á lögum STF verða að berast fyrir 1. mars á þingári.

## 9. grein. Þingstörf

Á dagskrá Sambandsþings skulu vera eftirtaldir dagskrárliðir auk hvers kyns dagskrármála sem stjórn ákveður og varða starfsemi STF:

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta og ritara.
3. Tilnefning í kjörbréfa – og kjörnefnd.
4. Skýrslur forseta og framkvæmdastjóra.
5. Greinargerð kjörnefndar kynnt.
6. Skýrslur um starfsemi sjóða STF og kynning reglugerðarbreytinga milli þinga.
7. Skýrsla gjaldkera og kynning á samþykktum reikningum STF, sbr. 14.gr.
8. Umræður um skýrslur frá 4., 6. og 7. lið.
9. Lagabreytingar, ef við á.
10. Kosning forseta.
11. Önnur mál.
12. Þingslit.

Í upphafi sambandsþings skal kjósa tvo þingforseta, er skipta með sér að stjórna þingfundum. Þá skal kjósa þrjú þingritara. Heimilt er að nota hljóðritunartæki. Sambandsstjórnarmenn eru ekki kjörgengir til þessara starfa.

Fundargerð má skrá með rafrænum hætti. Tryggja skal varðveislu allra rafrænna gagna. Jafnframt er heimilt að líma út prentuð fundargögn inn í fundargerðarbók. Þingforsetar og ritara skulu árita fundargerð þegar hún liggur fyrir. Einnig skulu ritara setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar.

Skriflega atkvæðagreiðslu skal viðhafa í öllum málum sé þess óskað.

Sambandsþing hefur eitt vald til að breyta lögum sambandsins og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Til slita sambandsins þarf 2/3 hluta atkvæða allra þingfulltrúa.

Leggja skal til hliðar 3,2% af aðildarfélagsgjaldi hvers árs til að standa straum af kostnaði vegna þinghalds. STF greiðir úr þingsjóði beinan kostnað af þinghaldi svo sem ritföng, prentun gagna og húsaleigu vegna þingfunda. Ónýttum fjárheimildum vegna þinghalds má verja til niðurgreiðslu ferðakostnaðar eða í félagssjóð STF samkvæmt frekari ákvörðun stjórnar STF.

## 10. grein. Aukaþing

Stjórn STF getur boðað til aukaþings með 10 daga fyrirvara. Skytt er að boða til aukaþings ef 1/3 þingfulltrúa eða stjórnir þriggja aðildarféлага, að félagafjöldi samanlagt minnst 20% af félagatölu sambandsins óska þess. Aukaþing er lögum til löglega til þess boðað. Aukaþing tekur aðeins til afgreiðslu þau mál, sem nefnd hafa verið í þingboði. Framkvæmd aukaþings fer að öðru leyti eftir ákvæðum 9. gr.

## IV. Kafli: STJÓRN SAMBANDSINS.

### 11. grein. Kosning stjórnar

Hvert aðildarfélag skipar einn fulltrúa í stjórn STF. Á aðalfundi hvers aðildarfélags skal árlega kjósa einn aðalmann og varamann hans úr stjórn félagsins til setu í stjórn STF. Varamaður tekur sæti aðmanns í forföllum hans. Kjör stjórnarmanna skal tilkynna skrifstofu STF innan sjö daga frá kjöri. Stjórnarmaður tekur sæti á fyrsta fundi stjórnar STF eftir kjör hans. Kjörtímabil stjórnar og varamanna er á milli aðalfunda félaga. Fulltrúi sameinaðs félags haldi rétti til setu í stjórn STF fram að næsta aðalfundi sameinaðs félags eftir stofnfund.

Verði aðildarfélög STF færri en 9, gildir þó að stjórnin skuli áfram skipuð 9 fulltrúum, auk forseta STF. Verði aðildarfélög 8, skal það aðildafélag sem er fjölmennast kjósa viðbótarfulltrúa í stjórn þannig að stjórnarmenn verði 9. Verði aðildarfélög 7, skal næstfjölmennasta félagið kjósa viðbótarfulltrúa og þannig koll af kolli svo stjórnarmenn verði 9. Aðildarfélög sem eiga rétt á viðbótarfulltrúa í stjórn STF, kjósi á aðalfundi viðbótar fulltrúa og varamann hans. Þurfi að skipa viðbótarfulltrúa áður en aðalfundur er haldinn, eru þeir skipaðir af stjórn aðildarfélags. Um þessa stjórnarmenn gilda að öðru leyti sömu ákvæði og aðra stjórnarmenn, að því undaskyldu að komi til atkvæðagreiðslu í stjórn eftir reglu 2. mgr. 13. gr. um atkvæðavægi samkvæmt félagafjölda, fara viðbótarfulltrúar ekki með atkvæðisvægi félagsins.

Forseti skal kosinn á sambandsþingi úr röðum félagsmanna. Tilkynna skal STF framboð fyrir 1. mars á þingári. Sitjandi forseti skal tilkynna framboð til áframhaldandi formennsku fyrir 1. febrúar á þingári. Frambjóðendum til embættis forseta skal veitt tækifæri til að kynna sig á sambandsþinginu. Ef þrír eða fleiri eru í framboði skal kosið aftur milli tveggja efstu, ef engin fær meira en 50% greiddra atkvæða í fyrstu umferð. Kjörtímabil forseta er á milli þinga.

Stjórnin kys úr sínum hópi, varaforseta, ritara og gjaldkera.

## **12. grein. Hlutverk stjórnar og forseta**

Stjórn STF í umboði aðildarfélaganna, hefur æðsta vald í öllum málefnum STF á milli sambandsþinga. Hún setur sér starfsreglur sem bornar skulu upp til samþykktar á stjórnarfundum STF og vera aðgengilegar á heimasíðu STF.

Forseti STF hefur eftirlit með því að kjörnir stjórnarmenn ræki skyldur sínar. Hann hefur einnig eftirlit með störfum nefnda og sér um að þær ræki störf sín. Forseti er fundarstjóri stjórnar, undirbýr fundi, boðar stjórnarfundum og stjórnar þeim en án atkvæðaréttar.

Fulltrúum í stjórnnum og nefndum skal greiða fyrir fundarsetu og ferðir. Nánari útfærsla á þessu ákvæði skal ákveðin í Starfsreglum stjórnar.

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og ákveður kjör hans.

Varaforseti leysir forseta af í forföllum hans og sinnir þeim verkefnum sem forseti eða stjórn felur honum.

## **13. grein. Stjórnarfundir**

Forseti boðar til stjórnarfunda með minnst einna viku fyrirvara á um tveggja mánaða fresti en oftast er þurfa þykir. Heimilt er á tímabilinu 1. júní til 1. september að fella niður fundi vegna sumarleyfa. Skylt er forseta að kalla saman stjórn til aukafunda innan tveggja vikna ef þrír stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundir eru löglegir sé löglega til þeirra boðað og meirihluti stjórnar er mættur. Stjórnir aðildarfélaga fari yfir málefni stjórnarfunda STF og hafi samráð við fulltrúa félagsins í stjórn STF, um afstöðu til mála sem tekin eru fyrir á stjórnarfundum STF.

Atkvæðavægi hvers félags innan stjórnar STF skal miðast við félagafjölda þess um áramót, sbr. 8. gr., en þar er miðað við gjaldskylda félaga. Komi upp ágreiningur um afgreiðslu máls eða mála innan stjórnar sambandsins skal fresta afgreiðslu þess til næsta stjórnarfundar. Náist ekki sátt, gildir atkvæðavægi hvers félags innan stjórnarinnar við afgreiðslu málsins. Áður en til atkvæðagreiðslu kemur getur 1/3 hluti stjórnarmanna vísað málinu til næsta þings. Komi til sameininga aðildarfélaga falla atkvæði þeirra undir sameinað félag fram til næsta þings.

Ritari skal halda gjörðabækur stjórnar og þinga. Í þær skal skrá á sem gleggstan hátt það sem gerist á stjórnarfundum og þingum. Fundargerðir stjórnafunda skal senda aðildarfélögum STF innan viku frá því að fundur var haldinn. Viðstaddir stjórnarmenn undirrita hverja fundargerð eftir samþykkt hennar.

#### **14. grein Starfsemi framkvæmdastjóra og skrifstofu STF**

Skrifstofa sambandsins undir stjórn framkvæmdastjóra annast daglegan rekstur, afgreiðslu, bréfaskriftir og upplýsingaþjónustu í umboði stjórnar STF og annast hann ráðningu starfmannanna í samráði við stjórn. Framkvæmdastjóri annast umsýslu sjóða og ávöxtun þeirra í samráði við forseta, varaforseta, gjaldkera stjórnar og formenn sjóða STF.

#### **15. grein, sjóðir og vörslur eigna**

Sjóðir sem samið er um í kjarasamningum skulu starfa samkvæmt reglugerðum sem samþykktar eru á löglega boðuðum stjórnarfundum STF. Í reglugerð hvers sjóðs skal tilgreina hlutverk sjóðsins, tekjur hans, hvernig verja skuli fé sjóðsins, hvernig stjórn hans skuli háttað og annað er sjóðinn varðar. Reglugerðarbreytingar skulu kynntar og ræddar á einum fundi og afgreiddar á næsta fundi.

Forseti, varaforseti, gjaldkeri og framkvæmdastjóri STF ásamt formönnum sjóða sjá um vörslur á eignum og fjármunum STF í umboði stjórnar STF. Ávaxta skal sjóði STF í viðurkenndum bönkum (fjármálastofnunum), verðbréfamörkuðum eða á annan tryggan hátt. Sjóðstjórnir halda gjörðarbók um störf sín.

Stjórn STF samþykkir reikninga sambandsins. Gjaldkeri kynnir endurskoðaða reikninga samþykkt af stjórn á sambandsþingum. Reikningsár er almanaksárið. Forseti og gjaldkeri stjórnar fara með prókúru sambandsins og rita firma þess. Forseti og gjaldkeri stjórnar leggja fram fjárhagsáætlanir sambandsins, fyrir næstu þrjú ár. Endurskoða skal fjárhagsáætlanir árlega.

#### **16. grein. Heiðursfélagar**

Heiðursfélagar geta þeir einir orðið, sem unnið hafa lengi fyrir sambandið eða gegnt þýðingarmiklum trúnaðarstörfum. Stjórn STF tilnefndir heiðursfélaga með samhljóma atkvæðum. Stjórnin skal afhenda heiðursfélögum gullmerki STF ásamt heiðursskjali. Slík heiðursmerki mega ekki aðrir bera en heiðursfélagar. Heiðursfélagar skulu undanþegnir gjaldskyldu en halda öllum áunnum félagslegum réttindum.

#### **Yfirlit yfir lagabreytingar sambandsins**

Gildistími breytinga á lögum. 29. Þing VSSÍ á Kirkjubæjarklaustri 27.5. 2001. 30. Þing VSSÍ á Akureyri 25.5. 2003. 31. Þingi VSSÍ í Reykjanesbæ 29.5. 2005. Ób. 32. Þing VSSÍ á Ísafirði 2. 6. 2007. 33. Þing VSSÍ á Hallormstað 4.6.2009. 34. Þing VSSÍ á Sauðárkróki 2.6.2011. 35. Þing VSSÍ á Akureyri 1.6.2013. Lög þessi taka þegar gildi við samþykkt þeirra á 36. Þingi VSSÍ á Selfossi 29.05.2015. 37. Þing STF í Stykkishólmi 20.05.2017. 38. Þing STF á Hallormsstað, 11.05.2019. 39. Þing STF í Reykjavík, 11. 09. 2021. 40. Þing STF á Húsavík, 05. 05. 2023.

Breytingar á lögum, taka gildi við þingslit Sambandsþings STF.

#### **Reglugerð um notkun fána STF**

Fánann má aðeins nota: Við þinghald, fundi og aðrar samkomur sem STF heldur eða er aðili að. Við útför stjórnarmanns STF og Sjúkrasjóðs svo og fyrrverandi stjórnarmanns. Við útför heiðursfélaga, starfandi nefndarmanns og starfsmanns STF.